

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

1. Notkun frístundakorts umfram heimildir

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 96.600 þ.kr. vegna notkunar á frístundakorti umfram heimilda. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -96.600
MÍR	xxx	Frístundakort	Til 96.600
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Nýting á frístundakosti umfram því sem áætlað var skýrir umframkostnað en notkun frístundastyrks er kominn upp í 75% nýtingu. Hægt er að nýta styrkinn til 31. desember og því er óskað eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið fái heimild til að aðlaga þessa upphæð að þeirri fjárhæð sem ætla má að hún endi í við lok árs.

2. Endurmat starfa

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 18.549 þ.kr. vegna endurmat starfa. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -18.549
VEL	xxx	Endurmat starfa	Til 18.549
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Störf þessi hafa verið samþykkt á fundum starfsmatsnefndar í október 2024. Gildistími á afturvirkni er skv. reglum starfsmats og er frá þeim tíma sem beiðni um endurmat barst þeim. Gert er ráð fyrir afturvirkni ásamt fjárhæð í ramma 2024 í ofangreindum upphæðum. Heildaráhrif á árinu 2025 er 17.828 þ.kr.

3. Ás styrktarfélag - kjarabætur

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 83.996 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-83.996
VEL	xxx	Ás styrktarfélag	Til	83.996
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum til að standa straum af kostnaði vegna kjarabóta umfram það sem hefur verið fjármagnað í ramma sviðsins vegna kjarasamningshækkunar. Samningsgreiðslur til Ás styrktarfélags tóku hækkunum þann 1. apríl 2024.

4. Sjálfstætt starfandi leikskólar

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 228.800 þ.kr. vegna samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-228.800
SFS	xxx	Sjálfstætt starfandi leikskólar	Til	228.800
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Nýr samningur við sjálfstætt starfandi leikskóla hefur verið í vinnslu undanfarna mánuði, nú liggur fyrir nýr samningur sem tekur gildi þann 1.1.2025. Greiðslur til SSL 2024 hafa miðast við eldri samning og framlög verið óbreytt frá árinu 2023 og hafa ekki verið uppreiknuð með hliðsjón af áætlun SFS 2024. Skv. gr. 32.7 í nýjum samningi er samkomulag um að eldri samningur haldi gildi sínu þar til nýr samningur tekur gildi þann 1.1.2025. Felur þetta í sér að uppfæra þarf framlög til SSL fyrir árið 2024 og gera upp við SSL eins og eldri samningur hefði verið í gildi til loka árs 2024. Nú liggja útreikningar fyrir samkvæmt uppfærðu framlagi vegna 2024 sem er um 3,7% hækkun frá upphaflegri áætlun 2024. Hækkun 2024 141,9 m.kr. Áhrif kjarasamninga Eflingar og Sameykis frá 1.4.2024 hafa afleidd áhrif á greiðslur til SSL þar sem greiðslur til þeirra taka mið af breyttum fjárheimildum vegna nýrra kjarasamninga. Heildaráhrif nýrra kjarasamninga eru 86,9 m.kr. Samtals eru þessi tvíþætta hækkun 228,8 m.kr.

5. Breytingar á kostnaði vegna ráðgjafar

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 30.000 þ.kr. vegna aðkeyprtar ráðgjafar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-30.000
SBB	09204	Sérstakar athuganir og úttektir	Til	30.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Breytingar á fjárheimildum skýrast vegna ráðgjafar vegna samgöngusáttmála og vegna rekstrarúttektar.

6. Breytingar á nefndarlaunum

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar hækki um 58.200 þ.kr. vegna kjarabreytinga. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-58.200
SBB	xxx	Launabreytingar borgarstjórnar	Til	58.200
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Laun borgarfulltrúa tóku breytingum þann 1. janúar 2024 og aftur þann 1. júní 2024 skv. reglum en grunnlaunin miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí hvert ár. Verið er að taka saman báðar breytingar í ofangreindum fjárhæðum.

7. Kjaranefndarraðaðir stjórnendur

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 275.145 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar um gildistíma viðbótarlaunakerfis. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-275.145
xxx	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur	Til	275.145
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Um er að ræða endurákvörðun í kjölfar ákvörðunar 4/2024, þar sem gildistíma viðbótarlaunakerfis var breytt í 1. júlí 2016 í stað 1. júní 2019. Óskað er eftir heimild að fjármála- og áhættustýringarsvið ráðstafi fjármagni til sviða skv. upplýsingum frá Kjaranefnd.

8. Kjarasamningsbundnar hækkanir

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs, skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs hækki um 673.568 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-673.568
MOS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	35
SFS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	669.933
VEL	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	3.600
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Um er að ræða kostnað vegna samkomulags við KÍ nóvember 2024 sem er afturvirktil til 1. júní 2024. Hækkun á ársgrundvelli er 1.154.688 þ.kr.

9. Kjarasamningsbundnar hækkanir

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnslu hækki um 162.240 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-162.240
FAS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	15.964
MAR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	3.085
MÍR	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	16.673
MOS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	6.169
RHS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	12.023
SFS	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	31.188
ÞON	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	42.365
USK	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	9.240
VEL	xxx	Kjarasamningsbundnar hækkánir	Til	25.534
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Um er að ræða kostnað vegna samkomulags við Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga og Visku, stéttarfélag sérfræðinga. Kostnaðarmat þetta er afturvirktil til 1. apríl 2024. Hækkun á ársgrundvelli er 216.319 þ.kr.

10. Innri leiga fasteigna, áhalda og tækja og leiga gatna

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 192.665 þ.kr og að fjárheimildir velferðarsviðs lækki um 82.197 þ.kr. vegna innri leigu. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um 110.468 þ.kr.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Tekjur	-110.468
SFS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	192.665
VEL	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-82.197
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Lagt er til að fjárheimildir sviða taki breytingum samkvæmt þeim breytingum sem hafa orðið á innri leigu á árinu 2024.

11. Endurmat vegna breyttra forsendna

Lagt er til að áætlun vegna útsvarstekna, fasteignagjalda, framlaga frá Jöfnunarsjóði og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga verði breytt vegna endurmats á forsendum viðeigandi liða. Breytingarnar verða fjármagnaðar af handbæru fé.

			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	Útsvarstekjur	Lækkun tekna	-1.872.479
SKATT	Fasteignagjöld	Lækkun tekna	-28.000
SKATT	Framlög frá JS vegna málaflokks fatlaðs fólks	Lækkun tekna	-329.605
			-2.230.084
ÖNN	Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga	Lækkun gjalda	-550.000
A-hluti		Samtals	-1.680.084

Áhrif breytinganna á rekstrarniðurstöðu A-hluta og samstæðu er að afkoma ársins lækkar um 1.680 m.kr.

Breytingin felur jafnframt í sér lækkun á liðnum „breyting lífeyrisskuldbindingar“ um 550.000 þ.kr. í sjóðstreymi A-hluta og samstæðu.

Greinargerð:

Lagt er til að áætlun vegna útsvarstekna, fasteignagjalda, framlaga frá Jöfnunarsjóði og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga verði breytt vegna endurmat á forsendum viðeigandi liða. Við endurmat er tekið tillit til þróunar á framangreindum liðum það sem af er ársins ásamt uppfærðum forsendum fyrir helstu hagstærðir. Þá eru framlög frá Jöfnunarsjóði lækkuð til samræmis við endurskoðaða áætlun frá sjóðnum.

Einar Þorsteinsson